

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 1. júlí 1982

um aðra aðlögun tilskipunar ráðsins 73/360/EBE frá 19. nóvember 1973, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vogir sem eru ekki sjálfvirkar, að tækniframförum

(82/622/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Grikklands, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Síðan tilskipun ráðsins 73/360/EBE ⁽²⁾ var samin og samþykkt, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/696/EBE ⁽³⁾, hafa ný og þróaðri vigtunarkerfi orðið til. Því ætti að aðlaga áður nefnda tilskipun að tækniframförum.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með mælitæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðauka við tilskipun 73/360/EBE komi annar texti í stað texta í liðum 2.4.3, 10.4.5, 10.4.7, 10.4.8, 10.4.9,

10.8.1.2, 10.8.1.5, 10.13.2.1.6, 10.13.2.3.1 og 16.4.4 og liðir 10.13.12.1.10 og 11.5.1.3 bætast við í samræmi við viðaukann við tilskipun þessa. Liðir 10.13.2.2.3 og 12.3.1.7.2 falli niður.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari 1. maí 1983 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. júlí 1982.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karl-Heinz NARJES

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 335, 5. 12. 1973, bls. 1.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 236, 27. 8. 1976, bls. 26.

VIÐAUKI

- 2.4.3. *Endurtekingarhæfni*
Sá eiginleiki vogar að gefa innbyrðis samhljóða niðurstöður þegar sama hleðsla er sett oft á álagshlutann við sömu aðstæður, án þess að tekið sé tillit til kerfisbundinna frávikna.
- 10.4.5. *Gæði prentunar á niðurstöðum vigtnar*
Prentun á niðurstöðum vigtnar skal vera greinileg og því sem næst óafmáanleg við eðlilegar notkunaraðstæður.
- 10.4.7. *Heiti eða tákn mælieininga*
Með niðurstöðum vigtnar úr kvörðuðum vogum skulu birtast heiti eða tákn mælieininganna sem taldar eru upp í I. kafla í viðauka við tilskipun ráðsins 80/181/EBE frá 20. desember 1979.
Nú er niðurstaða vigtnar prentuð og skulu þá heiti eða tákn viðeigandi mælieininga einnig prentuð ef hið prentaða skjal er ætlað fyrir sölu- og kaupaðila. Heiti eða tákn mælieiningar skulu sýnd annaðhvort á eftir hverri mæliniðurstöðu eða efst í viðkomandi prentdálki.
- 10.4.8. *Takmörk á álestri niðurstöðu vigtnar*
- 10.4.8.1. *Vogir með samfelldan álestur*
Útslagi og hreyfingu álestrartækis skulu vera takmörk sett sem þó geri því kleift að fara niður fyrir núll og upp fyrir svið sjálfvirks álestrar á ókvörðuðu svæði sem nemur fjórum deilingargildum hið minnsta og ný deilingargildum hið mesta.
Þessi krafa á ekki við um vogir sem hafa hringlaga kvarða með vísi sem getur farið fleiri en einn hring.
- 10.4.8.2. *Vogir með ósamfelldan álestur*
Álestur skal ekki geta farið fram á meira magni en sem nemur hámarksgetu að viðbættum ný deilingargildum.
- 10.4.9. *Takmörk á prentun niðurstöðu*
Ekki skal vera unnt að prenta:
— meira en hámarksgetu að viðbættum ný deilingargildum,
— á vogum með sjálfvirkan eða hálf sjálfvirkan álestur ef vogin er ekki stöðug í jafnvægisstöðu eða ekki í jafnvægisstöðu sem ákvarðast af meðaltali sveifluhreyfinga.
Takmörk skulu ætíð vera þau sömu á álestri og prentun niðurstöðu.
- 10.8.1.2. *Nákvæmni stillingar*
Törubúnað skal vera hægt að stilla með nákvæmni sem samsvarar fjórðungi af minnsta skerðingargildi vogarinnar.
Nú er, hins vegar, fyrir hendi ósjálfvirkur, ósamfelldur törubúnaður og skal þá vera unnt að stilla með nákvæmni sem samsvarar helmingi deilingargildis.
- 10.8.1.5. *Sýnilegur gangur*
Törubúnaði skal þannig fyrir komið að gangur hans sé sýnilegur þegar álestur, áður en tara er dregin frá eða henni bætt við:
— er 0,5 deilingargildi eða meira á vogum með samfelldan álestur,
— víkur frá núlli á vogum með ósamfelldan álestur.
- 10.13.2.1.6. *Notkun tákna*
Tákn um mynteiningu skal vera hluti af álestri og prentun á kaupverði og einingarverði. Því síðarnefnda skal einnig fylgja tákn þeirrar mælieiningar fyrir massa sem notuð er.

Þá skal vegin prenta tákinn og tölurnar á skjöl sem afhent eru sölu- og kaupaðilum.

Táknin skulu sýnd á eftir hverjum álestri eða prentun kaupverðs og/eða einingarverðs, eða efst í viðkomandi prentdálki.

10.13.2.1.10. Gildi deilingargilda kaupverðs

Landslög gilda um þetta efni.

10.13.2.3.1. Ósamfelldur álestur eða prentun kaupverðs

Á búnaði fyrir álestur eða prentun kaupverðs skulu vera fjórar stöður hið minnsta.

Nú er kaupverð minna en ein mynteining og skal þá núllið ætíð birtast á undan tugabrotskommuni.

11.5.1.3. Vogir með hálf sjálfvirkan álestur og vigtarílát

Notkun slíkra voga er heimil ef sjálfvirkt álestrarsvið þeirra er sýnt með sniðinu 1×10^n kg (þar sem n er heil jákvæð eða neikvæð tala eða núll).

16.4.4. *Endurtekningarrhæfni*

Endurtekningarpróf skulu gerð með þremur mismunandi hleðslum hið minnsta, á milli hámarks- og lágmarksgetu og vigtun endurtekin 10 sinnum fyrir hverja af hinum mismunandi hleðslum. Núllstilla skal vögina á eftir hverri vigtun. Í þessum prófum skulu vogir standast þær kröfur sem settar eru fram í 5. lið.
